

## Frjómælingar á Akureyri og í Reykjavík í ágúst 2011


## Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 9. september 2011

**Akureyri.** Heildarfjöldi frjókorna á Akureyri í ágúst reyndist um 1100 frjó/m<sup>3</sup> sem er nokkru ofan meðallags árána 1998–2010 og meiri fjöldi en sjö undanfarin sumur. Munar þar mestu um síðustu daga mánaðarins en þá fór hitastig upp undir 20°C og grasfrjó náðu þar með hámarki sumarsins eða 235, þann 30. ágúst. Hámark grasfrjóa hefur aldrei komið jafn seint og í ár en síðast gerðist það sumarið 1998, þann 27. ágúst, þegar frjótalan komst í 260. Fyrsti dagur án frjókorna í lofti kom 15. ágúst, sá dagur var jafnframt með mesta úrkomu í ágúst.

Grasfrjó urðu tæplega eitt þúsund. Undanfarin sumur hafa þau verið færri og þarf að fara aftur til sumarsins 2005 til að finna sambærilegan fjölda. Frjótalan sveiflaðist mikið dag frá degi og segja má að topparnir hafi orðið fjórir, sá fyrsti 4. ágúst, síðan þann 11. þá 23. og að lokum þann 30.

Það stefnir í að sumarið 2011 verði í tæpu meðallagi (1425 frjó/m<sup>3</sup>) hvað heildarfjölda grasfrjóa varðar en verði tíðarfar í september gott geta komið grastoppar þó svo frjótalan verði aldrei mjög há og fáir dagar í hverjum toppi. Til þessa hefur frjótala grasa í september farið hæst í 41 en það var þann 9. september 2002 og svo seint sem 21. september hefur frjótalan náð 20 sem gerðist árið 1998.

## Akureyri 2011




Myndritið sýnir grasfrjó, súrufrjó (túnsúra, hundasúra og njóli) og öll frjó í ágúst og fyrstu daga september. Frjótala grasa fór hæst í 235 þann 30. ágúst, aldrei áður hefur grasið toppað svo seint sumars. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu, meðalfjöldi í einum rúmmetra á sólarhring.



**Reykjavík.** Heildarfjöldi frjókorna í ágúst reyndist rétt í meðallagi eða 945 frjó/m<sup>3</sup> en undanfarin fjögur sumur hefur ágústmánuður mælst með talsvert færri frjókorn (á bilinu 291–659). Eins og jafnan áður bar mest á grasfrjóum (765 frjó/m<sup>3</sup>) en súrufrjó, sem hafa mælst stopult frá 24. júlí, reyndust innan við tuttugu. Hins vegar urðu mjaðjurtafrjó óvenju mörg í ár eða 46. Aðrar frjógerðir náðu aðeins tíu eða færri frjókornum í rúmmetra lofts. Einhver frjókorn voru í loftinu alla daga mánaðarins, en 21. ágúst var fyrsti dagur sumarsins án grasfrjóa (sjá myndrit).

Reykjavík 2011



Myndritið sýnir grasfrjó, súrufrjó (túnsúra, hundasúra og njóli) og heildarfrjótölu í ágúst. Grasfrjó fóru hæst í þessum mánuði í 105, þann 6. ágúst. **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu, meðalfjöldi í einum rúmmetra á sólarhring.

Jafnan eru fá frjókorn í loftinu í september, helst að grasfrjó mælist en frjótölur eru yfirleitt lágar, innan við tíu. Í góðviðrinu um síðustu helgi jukust grasfrjó og náðu 28 þann 3. sept, sem er óvanalegt, það hefur ekki gerst síðan árið 2006 og þar áður 1997. Litlar líkur eru á að frjótölur grasa fari yfir tíu úr þessu.

---

Þetta er síðasta fréttatilkynning sumarsins um frjómælingar. Mælingarnar standa út september svo fremi sem bilanir komi ekki upp. Heildaryfirlit yfir frjótölur í ár, sumarið 2011, ásamt myndritum mun birtast í nóvember á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands, [www.ni.is](http://www.ni.is) þegar uppgjöri og samanburði við fyrri ár er lokið.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Reykjavík, 9. september 2011

Margrét Hallsdóttir  
Netfang [mh@ni.is](mailto:mh@ni.is)

